

# Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi 2019-2021



Desember 2022

RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

## Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi:.

Skýrsla þessi er unnin með styrk úr þróunarsjóði garðyrkjunnar.

Óheimilt er að afrita skýrsluna á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Reykjavík, Ísland, 2022

Starfshópur:

Sigurður Guðmundsson, verkefnisstjóri

Ívar Ragnarsson

Helgi Jóhannesson

María Svanþrúður Jónsdóttir

Runólfur Sigursveinsson

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
1 Inngangur .....	3
1.1 Um verkefnið.....	3
1.2 Um þátttakendur .....	3
1.3 Upplýsingar og gögn .....	4
2 Greining á rekstri framleiðenda rôtargrænmetis (kartöflur, rófur, gulrætur) .....	5
2.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 1): .....	5
2.2 Tekjugreining (tafla 2):.....	6
2.3 Breytilegur kostnaður (tafla 3): .....	6
2.4 Fastur kostnaður (tafla 4):.....	7
2.5 Rekstrartölur - greining (tafla 5):.....	7
3 Greining á rekstri hjá ylræktarframleiðendum (tómatar, agúrkur, paprika).....	7
3.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 6): .....	8
3.2 Tekjugreining (tafla 7):.....	8
3.3 Breytilegur kostnaður (tafla 8): .....	8
3.4 Fastur kostnaður (tafla 9):.....	9
3.5 Rekstrartölur - greining (tafla 10):.....	9
4 Samantekt.....	10
5 Niðurstaða og næstu skref .....	10
6 Fylgiskjöl.....	11
Fylgiskjal 1. Dæmi – kartöflubóndi.....	11
Fylgiskjal 2. Dæmi – ylræktarbóndi .....	12

# 1 Inngangur

## 1.1 Um verkefnið

Upplýsingar og þekking á rekstrarafkomu í garðyrkju hefur lengi verið af skornum skammti og eitt af markmiðum þessa verkefnis er að ráða bót á því. Skýrsla Vífils Karlssonar „Landfræðilegt og efnahagslegt litróf garðyrkju á Íslandi“ kom út árið 2019 og byggir á heildargögnum frá Hagstofu Íslands og þar er tekið saman hagrænt vægi greinarinnar og borið saman eftir landshlutum.

Í kjölfar skýrslu Vífils fór af stað verkefni hjá RML til að afla upplýsinga frá einstökum framleiðendum garðyrkjuafurða með það að markmiði að átta sig betur á rekstri helstu framleiðslugreina íslenskrar garðyrkju. Verkefnaáætlun var unnin og sótt um fjárhagslegan stuðning til fagráðs garðyrkju. Umrætt verkefni fékk síðan vilyrði fyrir styrk úr fagfé garðyrkjunnar.

Í þessu verkefni er ætlunin m.a. að sannreyna niðurstöður áðurnefndrar skýrslu og sundurliða raunveruleg rekstrargögn garðyrkjubúa eftir framleiðslugreinum. Jafnframt mun hver þátttakandi fá greiningu á sínum rekstri og stöðu eins og kostur er.

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra starfsmanna RML: Sigurður er verkefnisstjóri, Ívar sá um söfnun og greiningu gagna, úrvinnslu í Excel, skýrslugerð o.fl., Helgi, Sigurður og Runólfur komu að gagnasöfnun, samskiptum við framleiðendur, ráðgjöf, yfirlestur o.fl. María Svanþrúður kom að ráðgjöf og yfirlestri.

Auglýst var eftir þátttakendum og því síðan fylgt eftir með samtali og samskiptum við stærstan hluta þeirra framleiðenda sem féllu undir skilgreiningu á þátttakendum í verkefninu. Almennt voru undirtektir jákvæðar og áhugi framleiðenda töluverður varðandi það að nálgast stöðu greinarinnar sem og það að fá möguleika á því að bera sig saman við heildina.

Ákveðið var að takmarka sig við rötargrænmeti (kartöflur, rófur, gulrætur) og ylrækt (tómata, agúrkur, papriku) í þessu skrefi en stefnan er síðan að taka inn fleiri tegundir ef framhald verður á verkefninu.

Upphaflega var stefnan að hafa tvö ár undir þ.e. 2019 og 2020 en síðan ákveðið að bæta við árinu 2021 til að meta áhrif breytinga á opinberum stuðningi o.fl.

Lögð var áhersla á að fá sem best bókhaldsgögn svo hægt væri að greina nánar einstaka rekstrarþætti. Hluti þátttakenda er með tekjur sínar af annarri starfsemi og var leitast við að skipta rekstrarkostnaði hjá þeim framleiðendum upp svo sem réttust niðurstaða fengist.

## 1.2 Um þátttakendur

Þegar upp var staðið fengust 30 bú/framleiðendur til þátttöku í verkefninu, 5 á Norðurlandi og 25 á Suður- og Vesturlandi. Þessi bú eru mjög breytileg að samsetningu, en af þeim eru 13 bú nánast eingöngu í kartöflurækt. Þegar þessi skýrsla er rituð hafa fullnægjandi gögn borist frá

25 framleiðendum þ.e. 15 í ræktun á rôtargrænmeti (langmest kartöflur) og 10 í ylraekt (tómatar, agúrkur og paprika).

Þessi mikli breytileiki sem er í litlu gagnasafni gerir það að verkum að tölfræðileg greining á því er erfið og vandmeðfarin en hins vegar eru þar ýmsar vísbendingar sem vert er að rýna nánar.

Hver þátttakandi í verkefninu fær ákveðna greiningu á sinni stöðu og þróun yfir þessi 3 ár sem um ræðir. Einnig fá þátttakendur að sjá hvernig þeir standa miðað við meðaltal úrtaksins eins og kostur er án þess þó að greinanlegt sé niður á einstaka framleiðendur.

Í skýrslunni eru birtar þær niðurstöður sem þegar hafa fengist úr þessu verkefni. Um er að ræða gögn frá 15 framleiðendum rôtargrænmetis sem er heldur lítið gagnasafn en gefur engu að síður ágætar vísbendingar um framleiðslukostnað og afkomu þeirra sem stunda ræktun rôtargrænmetis, aðallega kartaflna. Enn sem komið eru gögn frá heldur færri ylraektarframleiðendum eða 10 og verður að hafa það í huga við framsetningu sem gefur engu að síður töluverðar vísbendingar.

Í fylgiskjali 1. er tilbúið dæmi af niðurstöðum framleiðanda rôtargrænmetis og í fylgiskjali 2. dæmi af niðurstöðum ylraektarframleiðanda. Þar kemur fram upphæð, kr. á einingu eða önnur mælieining hjá viðkomandi, meðaltal viðmiðunarhóps, fjöldi í viðmiðunarhóp. Síðan er sýnd prósentu með lit til þess að auðvelda sýn á hvar í hópnum viðkomandi framleiðandi er og hver þróunin er miðað við hópinn milli ára o.s.frv. Í skýrslunni er horft nánar á hvern lið í greiningu eftir því sem við á í túlkun og niðurstöðum.

### 1.3 Upplýsingar og gögn

Þau gögn sem unnið er með í greiningu og skýrslugerð eru fengin með leyfi framleiðenda eftir því sem við á sem og úr opinberum gögnum.

- Gögn fengin úr Jörð.is varðandi hektara í garðrækt, fermetra í gróðurhúsum, uppskeru á kartöflum, gulrófum og gulrótum o.fl.
- Upplýsingar úr Afurð.is varðandi magn uppskeru í ylraekt og beingreiðslur sem og jarðræktar- og landgreiðslustyrki.
- Upplýsingar fengnar úr ársreikningum og skýringum með þeim, landbúnaðarframtölum, bókhaldsgögnum o.fl. í samvinnu við framleiðendur

Sá hópur framleiðenda sem samþykkti að taka þátt í verkefninu er jákvæður og hefur gengið þokkalega að fá þau gögn sem nauðsynleg eru til að gæði greininga séu ásættanleg.

- Eins og staðan er þá eru möguleikar til samanburðargreininga meiri hjá kartöflubændum þar sem sá hópur er nokkuð stór og gögn komin að mestu þó aðeins vanti enn í síðasta árið.
- Ákveðin vandkvæði eru á því að fá upplýsingar um selt magn rótarávaxta þannig að ekki er hægt að mæla rýrnun frá uppskeru til sölu. Unnið er með í greiningum að sú rýrnun sé 20% þangað til fundin verður leið til að fá nákvæmari upplýsingar um selt magn hjá hverjum og einum. Ekkert er samt því til fyrirstöðu þegar kynntar verða

niðurstöður fyrir hverjum og einum framleiðanda að nota aðra rýrnunarprósentu ef hún er þekkt hjá viðkomandi.

- Mikill fengur væri í því að til væru aðgengilegar upplýsingar um selt magn af rótarávöxtum sambærilegt og er til staðar í garðyrkjuafurðum sem njóta beingreiðslna og myndi það gera greiningu enn betri og þá ekki síst gagnvart hverjum framleiðanda.
- Varðandi dýpri greiningu og samanburð í ylrektinni þá er mikilvægt að hafa í huga að um tiltölulega fáa framleiðendur er að ræða enn sem komið er. Það sem komið er gefur þó ákveðnar vísbendingar sem fjallað er um og ef framhald verður á verkefninu og gagnasafnið stækkar þá verða greiningar og niðurstöður enn betri.
- Unnið er með ylrektina sem eina heild og ekki gerður greinarmunur á tegundum þar sem framleiðendur eru þetta fáir. Hafa verður það í huga þegar er skoðaður t.d. samanburður á meðaltals kostnaði niður á kg.

## 2 Greining á rekstri framleiðenda rötargrænmetis (kartöflur, rófur, gulrætur)

Hér á eftir verður leitast við að skoða niðurstöður í hverjum lið fyrir sig sbr. fylgiskjal 1. Horft er á meðaltal hvers árs og breytingu í prósentum á þessum þremur árum.

### 2.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 1):

	2019		2020		2021		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Samtölur Bús</b>							
Uppskera samtals skráð í Jörð kg.	390.428	15	378.634	16	300.361	16	-23%
Uppskornir hektarar (ha)	19	15	20	16	19	16	3%
Uppskera skráð í jörð kg/ha	20.910	15	19.006	16	15.174	16	-27%
Seldar garðyrkjuafurðir samtals kg.	312.343	15	302.907	16	240.289	16	-23%
Seldar afurðir kg/ha (kg/m <sup>2</sup> )	16.728	15	15.205	16	12.139	16	-27%
Hlutfall seldra afurða m.v. Jörð.is	80,00%	15	80,00%	16	80,00%	16	0%

Þegar rýnt er í helstu tölur varðandi uppskeru þá sést að uppskornir eru að meðaltali um 19-20 hektarar á hverju búi og helst það nokkuð jafnt öll þrjú árin. Uppskeran aftur á móti fer úr rúmunum 390 tonnum niður í 300 tonn að meðaltali á bú þessi 3 ár og dregst því saman um 23%. Að sama skapi minnkar meðaluppskera á hektara um 27% á þessu tímabili. Hluta skýringarinnar er að leita í tjóni vegna myglu en einnig getur veðurfar hafa haft áhrif eins og oft er í þessari framleiðslu. Eins og fram hefur komið áður þá er unnið með tæplega 20% rýrnun frá uppskeru til sölu og alls ekki er víst að það sé raunin hjá öllum framleiðendum en þegar heildin er skoðuð og þróun heilt yfir ætti það ekki að koma að sök.

## 2.2 Tekjugreining (tafla 2):

Tekjur	2019		2020		2021		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Afurðatekjur alls	33.052.794	16	37.296.721	16	39.235.734	12	19%
Afurðatekjur kr/kg seld	155	15	137	16	153	12	-1%
Seldar afurðir kg/ha (kg/m <sup>2</sup> )	16.728	15	15.205	16	12.139	16	-27%
Seldar afurðir kr/ha (kr/m <sup>2</sup> )	2.172.316	15	2.047.792	16	1.844.509	12	-15%
Opinberar greiðslur alls	1.038.195	14	2.333.263	16	3.048.079	12	194%
Opinberar greiðslur, kr/kg	3,1	14	8,7	16	11,8	12	276%
Aðrar tekjur alls	2.573.492	14	2.100.591	14	2.533.883	10	-2%
Samtals heildartekjur, kr.	36.213.020	16	41.447.345	16	44.403.599	12	23%

Afurðatekjur alls hækka á þessu 3ja ára tímabili um 19%. Afurðatekjur kr./kg lækka töluvert milli 2019 og 2020 en rétta sig nánast af 2021. Ef horft er á afurðatekjur í kr. á uppskorinn hektara þá lækka þær jafnt og þétt og á þessu 3ja ára tímabili um 15%. Opinberar greiðslur hækka mikið eða um 194% á þessu tímabili og eru þær að meðaltali rúmar 3 milljónir kr. á framleiðanda árið 2021 á móti rúmlega 1 milljón kr. árið 2019 og skýrist það af breyttum áherslum í stuðningi við garðyrkju sem m.a. fólst í mikilli hækkun á jarðræktargreiðslum (breyttum úthlutunarreglum). Ljóst er að þessi aukni stuðningur breytir töluverðu og léttir undir með framleiðendum.

## 2.3 Breytilegur kostnaður (tafla 3):

Breytilegur kostnaður	2019		2020		2021		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Áburður og sáðvörur, kr/kg	16,8	15	16,5	16	28,7	12	71%
Áburður og sáðvörur, kr/ha (kr/m <sup>2</sup> )	256.148	15	249.639	16	342.969	12	34%
Áburður, kr/kg	10,0	15	9,2	15	20,5	11	105%
Rekstur búvéla, kr/kg	15,7	15	11,0	16	8,0	12	-49%
Rekstrarvörur, kr/kg	5,8	14	6,9	15	7,7	12	31%
Aðkeypt þjónusta (sölu- og flutn o.fl), kr/kg	16,9	15	19,9	16	22,7	12	35%
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg seld	54,8	15	53,9	16	67,1	12	22%

Í töflu 3. kemur fram greining á breytilegum kostnaði á einingu eftir árum. Breytilegur kostnaður alls kr./kg. hækkar töluvert milli árana 2020 og 2021 þannig að hækkunin er um 22% á þessu 3ja ára tímabili. Áburður og sáðvörur hækka mjög mikið eða um 71% mælt í kr./kg. á tímabilinu og um 34% mælt í kr./ha. Áburðurinn einn og sér hækkar um 105% mælt í kr./kg. Eins er mikil hækkun á aðkeyptri þjónustu eða um 35% en á móti er umtalsverð lækkun í rekstri búvéla eða um 49% á tímabilinu. Rétt er að hafa í huga að uppskera er minni árið 2021 sem hefur eðlilega áhrif þegar horft er á kostnað í kr./kg.

Hér er breytileikinn hjá þáttökubúum nokkuð mikill en meðaltalið segir samt sína sögu.

## 2.4 Fastur kostnaður (tafla 4):

	2019		2020		2021		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Fastur kostnaður</b>							
Tryggingar, kr/kg	2,4	13	2,7	15	2,5	8	2%
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	3,3	9	2,8	8	2,9	2	-14%
Viðhald eigna, kr/kg	13,4	14	4,5	14	4,9	9	-64%
Skrifstofukostnaður kr/kg	2,1	11	2,3	12	1,5	8	-28%
Annar rekstrarkostnaður, kr/ kg	7,2	15	10,8	16	8,7	12	20%
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	34,7	15	31,7	16	39,5	11	14%

Fastur kostnaður hækkar nokkuð á tímabilinu og mest eru það liðirnir annar rekstrarkostnaður sem hækkar um 20% og launaliðurinn sem hækkar um 14%. Erfitt er að leggja út af þessum tölum þar sem nokkuð er mismunandi hvernig bókhald er sundurliðað en athygli vekur að umtalsverð lækkun er á kostnaði við viðhald eigna og spurning hvort þar séum við að sjá afleiðingar versnandi afkomu í greininni.

## 2.5 Rekstrartölur - greining (tafla 5):

	2019		2020		2021		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Rekstrartölur</b>							
Framlegð afurðatekna, kr/kg	100	15	83	16	86	12	-14%
Framlegðarstig afurðatekna	62%	16	61%	16	56%	12	-10%
Framlegð heildartekna, kr.	24.649.581	16	27.884.857	16	27.450.913	12	11%
Framlegðarstig heildartekna	66%	16	65%	16	62%	12	-7%
EBIDTA samtals, kr.	12.968.926	16	15.063.102	16	14.929.482	12	15%
EBIDTA, hlutfall af veltu	34%	16	33%	16	34%	12	0%
Hagnaður/tap, kr.	7.553.621	16	8.597.413	16	7.004.688	12	-7%

Í töflu 5. er um að ræða samantekt á rekstrartölum og í stuttu máli má segja að þróunin sé frekar niður á við. Framlegð afurðatekna fer niður um 14% á tímabilinu, EBIDTA hækkar frá því sem hún var 2019 en fer niður milli árana 2020 og 2021 en stendur í stað sem hlutfall af veltu. Hagnaður minnkar um 7% og enn meira ef horft er á mun á milli 2020 og 2021. Framlegð heildartekna er jákvæð um 11% sem skýrist væntanlega fyrst og fremst af hækkuðum jarðræktargreiðslum en framlegðarstigið fer samt niður um 7%.

## 3 Greining á rekstri hjá ylræktarframleiðendum (tómatar, agúrkur, paprika)

Hér á eftir verður leitast við að skoða niðurstöður í hverjum lið fyrir sig sbr. fylgiskjal 2. Horft er á meðaltal hvers árs og breytingu í prósentum á þessum þremur árum. Rétt er að taka fram að breytileiki er töluverður milli búa þannig að meðaltalstölur eru í sumum tilfellum nokkuð langt frá rauntölum einstakra framleiðenda. Það hamlar þó ekki því að nota þær til að skoða þróun og breytingar á heildina lítið.



### 3.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 6):

	2019		2020		2021		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Samtölur Bús</b>							
Seldar garðyrkjuafurðir samtals kg.	224.739	11	215.815	11	241.055	11	7%
Seldar afurðir kg/ha (kg/m <sup>2</sup> )	55	11	53	11	49	11	-11%

Framleiðsla/sala eykst á þessu 3ja ára tímabili um 7% en töluvert meira ef horft er til áráanna 2020 og 2021. Seldar afurðir á hvern fermetra minnka lítillega en þó er hæpið að horfa mikið til þess þar sem að fjölgun fermetra undir gleri hjá hluta framleiðenda er ekki endilega komin í fulla virkni.

### 3.2 Tekjugreining (tafla 7):

	2019		2020		2021		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Tekjur</b>							
Afurðatekjur alls	108.919.085	11	107.326.514	11	126.525.224	10	16%
Afurðatekjur kr/kg seld	592	11	612	11	663	10	12%
Seldar afurðir kg/ha (kg/m <sup>2</sup> )	55	11	53	11	49	11	-11%
Seldar afurðir kr/ha (kr/m <sup>2</sup> )	27.179	11	26.936	11	27.537	10	1%
Opinberar greiðslur alls	17.790.917	11	17.546.815	11	32.125.273	10	81%
Opinberar greiðslur, kr/kg	107,2	11	107,2	11	152,2	10	42%
Aðrar tekjur alls	3.034.507	9	12.923.755	9	2.441.546	8	-20%
Samtals heildartekjur, kr.	129.192.781	11	135.447.311	11	160.603.734	10	24%

Afurðatekjur alls hækka á þessu 3ja ára tímabili um 16% og er hækkunin öll á milli áráanna 2020 og 2021. Afurðatekjur kr./kg hækka einnig milli ára og er heildarhækkun 12% yfir þetta 3ja ára tímabil. Ef horft er á afurðatekjur í kr. á uppskorinn fermetra þá standa þær nánast í stað á tímabilinu. Opinberar greiðslur hækka mikið eða um 81% á þessu tímabili og eru þær að meðaltali rúmar 32 milljónir kr. á framleiðanda árið 2021 á móti tæplega 18 milljón kr. árið 2019 og skýrist það af breyttri aðferðarfræði varðandi niðurgreiðslu á raforku sem nú er í formi beingreiðslna enda hækkar rafmagnskostnaður að sama skapi mikið (sjá kostnaðargreiningu í töflu 9.). Opinberar greiðslur sem kr./kg hækka í samræmi eða um 42%. Erfitt er að meta hvort þessi breyting hefur haft áhrif á endanlega afkomu enn sem komið er.

### 3.3 Breytilegur kostnaður (tafla 8):

	2019		2020		2021		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Breytilegur kostnaður</b>							
Áburður og sáðvörur, kr/kg	85,3	11	101,9	11	86,1	10	1%
Áburður og sáðvörur, kr/ha (kr/m <sup>2</sup> )	4.346	11	4.822	11	3.817	10	-12%
Áburður, kr/kg	40,3	7	48,3	7	35,4	7	-12%
Rekstur búvéla, kr/kg	11,5	9	10,8	9	12,2	9	5%
Rekstrarvörur, kr/kg	39,9	11	47,9	11	43,2	10	8%
Aðkeypt þjónusta (sölukostn, flutn o.fl), kr/kg	81,5	10	83,6	10	85,7	10	5%
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg seld	208,7	11	234,7	11	226,0	10	8%

Í töflu 8. kemur fram greining á breytilegum kostnaði á einingu eftir árum. Breytilegur kostnaður alls kr./kg. hækkar töluvert milli árana 2019 og 2020 en lækkar heldur árið 2021 þannig að hækkunin er um 8% á þessu 3ja ára tímabili. Áburður og sáðvörur hækka lítillga en áburðurinn einn og sér lækkar aftur á móti um 12% mælt í kr./kg. og kr./m<sup>2</sup>. Nokkur hækkun er síðan á þjónustu og rekstrarvörum á tímabilinu.

Hér er breytileikinn hjá þáttökubúum nokkur en meðaltalið segir samt sína sögu.

### 3.4 Fastur kostnaður (tafla 9):

	2019		2020		2021		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Fastur kostnaður</b>							
Tryggingar, kr/kg	5,7	9	6,7	9	9,5	9	67%
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	92,7	10	113,6	10	163,8	10	77%
Viðhald eigna, kr/kg	11,7	8	24,4	8	13,4	8	14%
Skrifstofukostnaður kr/kg	6,6	9	7,6	10	9,1	10	37%
Annar rekstrarkostnaður, kr/ kg	47,3	11	46,8	11	35,7	10	-24%
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	248,5	11	287,7	11	291,1	10	17%

Fastur kostnaður hækkar mikið á tímabilinu og mest á liðnum rafmagn og vatn eða 77% sem skýrist (eins og komið hefur fram áður) af mikilli hækkun rafmagns sem áður var niðurgreitt beint en nú í gegnum beingreiðslur. Launaliðurinn hækkar töluvert eða um 17% sem og tryggingar, skrifstofukostnaður og viðhald eigna. Á móti lækkar annar rekstrarkostnaður nokkuð.

### 3.5 Rekstrartölur - greining (tafla 10):

	2019		2020		2021		% br. 3 ár
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Rekstrartölur</b>							
Framlegð afurðatekna, kr/kg	395	11	389	11	456	10	16%
Framlegðarstig afurðatekna	64%	11	60%	11	66%	10	3%
Framlegð heildartekna, kr.	90.658.977	11	93.392.345	11	117.538.086	10	30%
Framlegðarstig heildartekna	71%	11	69%	11	73%	10	2%
EBIDTA samtals, kr.	18.141.004	11	13.136.097	11	17.918.362	10	-1%
EBIDTA, hlutfall af veltu	17%	11	11%	11	10%	10	-43%
Hagnaður/tap, kr.	12.050.999	11	5.946.344	11	9.335.348	10	-23%

Í töflu 10. er um að ræða samantekt á rekstrartölum og í stuttu málið má segja að þróunin sé frekar niður á við hvað afkomuna varðar þó svo að framlegðin hækki. Þetta segir okkur að fastur kostnaður hefur hækkað hlutfallslega meira en tekjurnar. EBIDTA lækkar mikið í hlutfalli af veltu (43%) og hagnaður dregst saman um 23% á tímabilinu þó svo að heldur hafi afkoma batnað milli 2020 og 2021. Ekki er hægt að leggja of mikið út af þessum tölum þar sem á þessu tímabili eru að taka gildi kerfisbreytingar í niðurgreiðslu á raforku ásamt því að einhver af búunum urðu fyrir foktjónum árið 2020 sem eðlilega höfðu áhrif.

## 4 Samantekt

Með þeim fyrirvara að um frekar lítið gagnasafn er að ræða ásamt því töluverður eðlismunur er á rekstri hvort um er að ræða ylrækt eða ræktun rôtargrænmetis eru samt ákveðnir þættir sem rétt er að nefna.

- Afkoma fer að meðaltali heldur versnandi á þessu 3ja ára tímabili í greininni.
- Breytilegur kostnaður sem kr./kg hækkar .
- Fastur kostnaður hækkar.
- Framlegð afurðatekna lækkar hjá kartöflubændum en hækkar í ylræktinni.
- EBITDA sem hlutfall af veltu stendur í stað hjá kartöflubændum en lækkar mikið í ylræktinni.
- Afkoma versnar heldur í kartöfluræktinni en mikil hækkun á jarðræktarstyrk kemur í veg fyrir að lækkun sé enn meiri.
- Afkoma versnar mikið í ylræktinni allavega hjá þeim búum sem mynda það meðaltal sem unnið er með. Mikilvægt er að fá rekstrartölur frá fleiri framleiðendum til að meta stöðuna enn betur. Því tengt þarf að greina nánar hvort breyting á fyrirkomulagi niðurgreiðslna á raforku er að hafa áhrif.
- Með þeim fyrirvara að unnið er með frekar lítið gagnasafn þá er niðurstaðan úr þessari greiningu sú að frekar hefur hallað undan fæti síðustu ár (þó það eigi auðvitað ekki við um alla framleiðendur). Hagnaður í greininni er ekki sá sami og hann var þegar Vífill Karlsson gerði sína úttekt.

## 5 Niðurstaða og næstu skref

- Mikilvægt er að vinna svona verkefni og í raun þyrfti það að vera stöðugt í vinnslu. Það nýtist bæði sem stjórnþæki fyrir framleiðendur sem og upplýsingabanki um stöðu greinarinnar.
- Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróun í greininni vegna mikilvægi hennar í matvælaframleiðslu og matvælaöryggi þjóðarinnar sem og vegna markaðrar stefnu og aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftlagsmálum.
- Þó búin séu ekki fleiri sem mynda það gagnasafn sem unnið er með þá er hægt að skoða þróun í rôtargrænmetisrækt nokkuð vel.
- Ef gögn skila sér frá fleirum í ylræktarhlutanum þá verður hægt að vinna nánar með þau, en erfiðara verður að setja fram samanburðargreiningu þar sem fáir aðilar eru í ræktun á hverri tegund. Heildarmyndina verður samt hægt að skoða og greina. Verði framhald á verkefninu skapast tækifæri til að greina hvaða áhrif breytt aðferðarfræði við niðurgreiðslu raforku hefur á afurðaverð og afkomu.
- Vel má hugsa sér að útvíkka verkefnið og taka inn fleiri tegundir grænmetis í útiræktun og blóm og gera þetta enn öflugra verkfæri fyrir framleiðendur og greinina.

Verkefnishópurinn telur mikilvægt að fylgja þessu verkefni eftir, fjölga þátttakendum, taka inn aðrar tegundir garðyrkju og þróa það áfram.

## 6 Fylgiskjöl

### Fylgiskjal 1. Dæmi – kartöflubóndi

#### REKSTRARGREINING - SAMANBURÐUR MILLI BÚA

#### Dæmi-BÚ.2

Dæmi.2 - kartöflubóndi

	2019				2020				2021			
	Dæmi-BÚ.2	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi-BÚ.2	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi-BÚ.2	Meðaltal	Fjöldi	%
<b>Samtölur Bús</b>												
Uppskera samtals skráð í Jörð kg.	170.000	390.428	15		310.000	378.634	16		270.000	300.361	16	
Uppskornir hektarar (ha)	8	19	15		15	20	16		15	19	16	
Uppskera skráð í jörð kg/ha	21.250	20.910	15		20.667	19.006	16		18.000	15.174	16	
Seldar garðyrkjuafurðir samtals kg.	136.000	316.807	15		248.000	305.932	16		216.000	244.621	15	
Seldar afurðir kg/ha (kg/m <sup>2</sup> )	17.000	17.232	15		16.533	15.593	16		14.400	11.963	15	
Hlutfall seldra afurða af afurðum skráðum í Jörð	80.00%	82,38%	15		80.00%	81,87%	16		80.00%	81,00%	15	
<b>Tekjur</b>												
Afurðatekjur alls	17.500.000	33.052.794	16		24.000.000	37.296.721	16		28.000.000	39.235.734	12	
Afurðatekjur kr/kg seld	129	146	15		97	132	16		130	153	12	
Seldar afurðir kg/ha (kg/m <sup>2</sup> )	17.000	17.232	15		16.533	15.593	16		14.400	11.963	15	
Seldar afurðir kr/ha (kr/m <sup>2</sup> )	2.187.500	2.172.316	15		1.600.000	2.047.792	16		1.866.667	1.844.509	12	
Opinberar greiðslur alls	530.000	1.041.133	13		1.800.000	2.352.013	16		1.700.000	3.064.746	12	
Opinberar greiðslur, kr/kg	4	3	13		7	9	16		8	12	12	
Aðrar tekjur alls	1.250.000	2.573.492	14		1.350.000	2.100.591	14		5.750.000	2.533.883	10	
Samtals heildartekjur, kr.	19.280.000	36.150.520	16		27.150.000	41.466.095	16		35.450.000	44.420.266	12	
<b>Breytilegur kostnaður</b>												
Áburður og sáðvörur, kr/kg	22,8	16,1	15		24,2	16,1	16		30,1	28,7	12	
Áburður og sáðvörur, kr/ha (kr/m <sup>2</sup> )	387.500	256.148	15		400.000	249.639	16		433.333	342.969	12	
Áburður, kr/kg	14,7	9,6	15		18,1	9,1	15		25,5	20,5	11	
Rekstur búvéla, kr/kg	3,7	14,0	15		2,8	10,3	16		3,5	8,0	12	
Rekstrarvörur, kr/kg	2,2	5,8	14		6,0	6,9	15		7,4	7,7	12	
Aðkeypt þjónusta (sölukostn, flutn o.fl), kr/kg	18,4	15,6	15		17,1	18,9	16		32,4	22,7	12	
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg seld	47,1	51,2	15		50,2	51,8	16		73,4	67,1	12	
<b>Fastur kostnaður</b>												
Tryggingar, kr/kg	1,1	2,3	13		0,2	2,6	15		1,2	2,5	8	
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	1,1	3,1	9		0,8	2,7	8		1,4	2,9	2	
Viðhald eigna, kr/kg	7,4	11,5	14		1,6	4,2	14		4,6	4,9	9	
Skrifstofukostnaður kr/kg	1,1	2,0	11		0,6	2,1	12		0,7	1,5	8	
Annar rekstrarkostnaður, kr/kg	2,2	6,8	15		1,7	10,3	16		2,8	8,7	12	
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	36,0	33,7	15		18,5	30,6	16		16,9	39,5	11	
<b>Rekstrartölur</b>												
Framlegð afurðatekna, kr/kg	82	95	15		47	80	16		56	86	12	
Framlegðarstig afurðatekna	63%	62%	16		48%	61%	16		43%	56%	12	
Framlegð heildartekna, kr.	12.880.000	24.587.081	16		14.700.000	27.903.607	16		19.600.000	27.467.580	12	
Framlegðarstig heildartekna	67%	66%	16		54%	65%	16		55%	62%	12	
EBIDTA samtals, kr.	6.030.000	12.906.426	16		8.650.000	15.081.852	16		13.290.000	14.946.149	12	
EBIDTA, hlutfall af veltu	31%	34%	16		32%	33%	16		37%	34%	12	
Hagnaður/tp, kr.	1.032.000	7.491.121	16		4.422.560	8.616.163	16		7.740.000	7.021.355	12	

Ef reiturinn er rauður er viðkomandi liður í neðsta þriðjung í samanburði við önnur bú  
 Ef reiturinn er gulur er viðkomandi liður í öðrum þriðjung í samanburði við önnur bú  
 Ef reiturinn er grænn er viðkomandi liður í efsta þriðjung í samanburði við önnur bú

## Fylgiskjal 2. Dæmi – ylræktarbóndi

### REKSTRARGREINING - SAMANBURÐUR MILLI BÚA

#### Dæmi.1

Dæmi.2 - ylræktarbóndi

	2019				2020				2021			
	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%
<b>Samtölur Bús</b>												
Seldar garðyrkjuafurðir samtals kg.	325.000	224.739	11		317.000	215.815	11		297.000	241.055	11	
Seldar afurðir kg/ha (kg/m <sup>2</sup> )	65	55	11		63	53	11		59	49	11	

	2019				2020				2021			
	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%
<b>Tekjur</b>												
Afurðatekjur alls	150.000.000	108.919.085	11		160.000.000	107.326.514	11		150.000.000	126.525.224	10	
Afurðatekjur kr/kg seld	462	592	11		505	612	11		505	663	10	
Seldar afurðir kg/ha (kg/m <sup>2</sup> )	65	55	11		63	53	11		59	49	11	
Seldar afurðir kr/ha (kr/m <sup>2</sup> )	30.000	27.179	11		32.000	26.936	11		30.000	27.537	10	
Opinberar greiðslur alls	28.000.000	17.790.917	11		29.000.000	17.546.815	11		40.000.000	32.125.273	10	
Opinberar greiðslur, kr/kg	86	107	11		91	107	11		135	152	10	
Aðrar tekjur alls	1.000.000	3.034.507	9		7.000.000	12.923.755	9		3.500.000	2.441.546	8	
Samtals heildartekjur, kr.	179.000.000	129.192.781	11		196.000.000	135.447.311	11		193.500.000	160.603.734	10	

	2019				2020				2021			
	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%
<b>Breytilegur kostnaður</b>												
Áburður og sáðnörur, kr/kg	144,6	85,3	11		189,3	101,9	11		124,6	86,1	10	
Áburður og sáðnörur, kr/ha (kr/m <sup>2</sup> )	9.400	4.346	11		12.000	4.822	11		7.400	3.817	10	
Áburður, kr/kg	107,7	40,3	7		126,2	48,3	7		74,1	35,4	7	
Rekstur búvéla, kr/kg	11,5	11,5	9		10,2	10,8	9		14,5	12,2	9	
Rekstrarvörur, kr/kg	1,8	39,9	11		2,7	47,9	11		3,0	43,2	10	
Aðkeypt þjónusta (sölukostn, flutn o.fl), kr/kg	12,4	81,5	10		13,2	83,6	10		15,2	85,7	10	
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg seld	170,3	208,7	11		215,4	234,7	11		157,3	226,0	10	

	2019				2020				2021			
	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%
<b>Fastur kostnaður</b>												
Tryggingar, kr/kg	6,8	5,7	9		7,9	6,7	9		10,1	9,5	9	
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	94,2	92,7	10		103,2	113,6	10		171,4	163,8	10	
Viðhald eigna, kr/kg	20,0	11,7	8		6,3	24,4	8		10,1	13,4	8	
Skrifstofukostnaður kr/kg	4,0	6,6	9		5,0	7,6	10		4,5	9,1	10	
Annar rekstrarkostnaður, kr/ kg	16,5	47,3	11		15,0	46,8	11		15,4	35,7	10	
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	185,5	248,5	11		210,7	287,7	11		244,8	291,1	10	

	2019				2020				2021			
	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%	Dæmi.1	Meðaltal	Fjöldi	%
<b>Rekstrartölur</b>												
Framlegð afurðatekna, kr/kg	291	395	11		289	389	11		348	456	10	
Framlegðarstig afurðatekna	63%	64%	11		57%	60%	11		69%	66%	10	
Framlegð heildartekna, kr.	123.645.000	90.658.977	11		127.730.000	93.392.345	11		146.775.000	117.538.086	10	
Framlegðarstig heildartekna	69%	71%	11		65%	69%	11		76%	73%	10	
EBIDTA samtals, kr.	18.685.000	18.141.004	11		18.960.000	13.136.097	11		12.600.000	17.918.362	10	
EBIDTA, hlutfall af veltu	10%	17%	11		10%	11%	11		7%	10%	10	
Hagnaður/tap, kr.	4.685.000	12.050.999	11		7.760.000	5.946.344	11		650.000	9.335.348	10	

Ef reiturinn er rauður er viðkomandi liður í neðsta þriðjung í samanburði við önnur bú  
 Ef reiturinn er gulur er viðkomandi liður í öðrum þriðjung í samanburði við önnur bú  
 Ef reiturinn er grænn er viðkomandi liður í efsta þriðjung í samanburði við önnur bú